Viðbrögð við rasisma í skóla- og frístundastarfi

HLUSTUM OG TRÚUM

Ræðum við alla málsaðila eins fljótt og unnt er.

BREGÐUMST ALLTAF VIÐ

Stígum inn, tökum skýra afstöðu og ræðum virðingu fyrir fjölbreytileikanum.

GREINUM ATVIK

Tökum tillit til þroska og aldurs barna og eðli atviks.

Dæmi um rasisma

Vísað er til einstaklings eftir kynþætti frekar en nafni og persónueinkennum þegar það á ekki við

Líkja húðlit einstaklings við óviðeigandi hluti sbr. kúk eða einhver dýr

Segja að brún börn koma frá Afríku

Óvelkomin snerting á hár og húð

Að kalla einhvern grjón

Tala ensku við einstaklinga vegna útlits þeirra

Alhæfa um hegðun vegna uppruna

N-orðið

Draga ályktanir um fólk út frá klæðaburði sbr. að klæðast blæju

„Farðu heim til þín"

Haturstákn

STAKT ATVIK
Barn skilur ekki merkingu eða alvarleika orða/hegðunar
Orð sögð í leik / umræðum

#1

Stjórnandinn, kennari og/eða aðrir starfsmenn ræða við þá einstaklinga sem málið varðar. Mögulega er málið alvarlegra en það virtist í fyrstu, þá er verkferli #2 fylgt.

Hafa samband við foreldra, bæði barns sem verður fyrir fordómum sem og þess sem beitir þeim.

Fræðsla fyrir allan hópinn. Stjórnandi skipuleggur viðeigandi fræðslu um rasisma, hatursorðræðu og fordóma sem tekur mið af aldri barna og þroska.

Alltaf er unnið eftir verkferlum BBB.
Lausnateymi tekur málið fyrir.

ENDURTEKIÐ ATVIK
Barn skilur merkingu og alvarleika
Orð sögð til þess að meiða eða ögra

#2

Stjórnendur upplýstir um atvikið án tafar.

Hafa samband við foreldra, bæði barns sem verður fyrir fordómum sem og þess sem beitir þeim.

Fræðsla fyrir allan hópinn. Stjórnandi skipuleggur viðeigandi fræðslu um rasisma, hatursorðræðu og fordóma sem tekur mið af aldri barna og þroska.

Alltaf er unnið eftir verkferlum BBB.
Lausnateymi tekur málið fyrir.
Athugið að málið gæti verið bráðamál.

Viðeigandi ráðgjöf til barna.

Mál geta bæði verið eineltismál og rasísk, þegar það gerist þarf að fylgja öllum viðeigandi verkferlum

Reykjavík

MML miðja máls og læsis

Verkferlarnir eru afrakstur starfshóps um aðgerðaáætlun gegn rasisma og unnir áfram af rýnihópum starfsfólks í frístundastarfi og kennurum á leikskóla- og grunnskólastigi í Reykjavík 2024.